

## **Fundur í stjórn PÍ haldinn í Grensáskirkju fimmtudaginn 18.febrúar 2010 kl. 11:00-14:00.**

Fundinn sátu sr. Ólafur Jóhannsson formaður, sr. Sigrún Óskarsdóttir varaformaður, sr. Magnús Magnússon kjaramálafulltrúi, sr. Magnús Björn Björnsson gjaldkeri og sr. Ingileif Malmberg ritari.

### **1. Fundarsetning, ritningarorð og bæn.**

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, las hann að því loknu úr Lúkasarguðspjalli, 18.kafla, og leiddi fundarmenn í bæn.

### **2. Kjaramál.**

Kjaramálafulltrúi, sr. Magnús Magnússon, greindi frá því að nokkrir prestar hefðu haft við sig samband vegna bréfa frá Önnu Guðmundu Ingvarsdóttur, lögfræðingi fasteignasviðs þjóðkirkjunnar þar sem tilkynnt er um hækkun á húsaleigu prestssetra þeirra. Telja þessir sömu prestar hækkunina vera full mikla auk þess sem nokkuð vanti upp á að gerð sé grein fyrir forsendum þeirra útreikninga sem að baki hækkuninni liggja. Sagðist kjaramálafulltrúi hafa beðið framangreinda félaga að setja sig í samband við nefndan lögfræðing fasteignasviðs og biðja um forsendur útreikninga og einnig greina þeim frá möguleikanum á því að skrifa bréf til fasteignanefndar þjóðkirkjunnar þar sem farið sé fram á að húsaleigan verði lækkuð samkvæmt rökstuðningi eins og heimild er fyrir í starfsreglum. Kjaramálafulltrúi mun áfram fylgjast með gangi mála.

Þá var um það rætt á fundinum að meðal nokkurra presta hefur það komið til tals að laun biskups Íslands séu óeðlilega lág miðað við stöðu hans meðal embættismanna þjóðarinnar og miðað við vægi embættis hans.

### **3. Fulltrúaráðsfundur PÍ 18.mars.**

Á fundinum var drepið á helstu þeim málum er verða til umræðu á fulltrúaráðsfundi PÍ sem haldinn verður í Grensáskirkju fimmtudaginn 18.mars n.k. kl. 10:00 – 15:00. Meðal þess sem rætt verður um má nefna prestssetramál, kjaramál, endurmenntunarmál o.fl.

### **4. Erindi sr. Þóris Jökuls Þorsteinssonar um fjárstuðning.**

Á fundinum var lagt fram bréf frá sr. Þóri Jökli Þorsteinssyni, dagsett þann 12.febrúar 2010 þar sem hann fer þess á leit við stjórn PÍ hún styðji þá málaleitan hans að biðlaun hans endurspegli að fullu þau laun og kjör sem hann hafði í embætti sínu í Kaupmannahöfn, auk þess sem Prestafélagið veiti honum lögfræðistyrk. Á fundinum var ákveðið að styrkja sr. Þóri Jökul um kr. 500.000. Var það gert á þeirri forsendu að málið geti orðið fordæmisgefandi fyrir aðra félagsmenn PÍ. Styrkurinn skal þó aldrei vera hærri en útlagður kostnaður sr. Þóris af málarekstrinum.

## **5. Aðalfundur, stjórnarkjör.**

Á fundinum var um það rætt að á næsta aðalfundi PÍ sem haldinn verður þriðjudaginn 27.apríl n.k. verði kosið um nýjan formann PÍ, auk þess sem kosið verði um tvö sæti í aðalstjórn og um tvo varamenn. Á fundinum var upplýst að sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir hefur ákveðið að gefa kost á sér sem næsti formaður PÍ. Þá kom fram að sr. Magnús Magnússon muni áfram gefa kost á sér í stjórn félagsins en sr. Sigrún Óskarsdóttir ekki.

## **6. Ákvörðun um næsta og þarnæsta stjórnarfund.**

Á fundinum var ákveðið að næsti stjórnarfundur verði haldinn í Grensáskirkju fimmtudaginn 18.mars kl. 15:00 – 16:00, strax að loknum fulltrúaráðsfundi. Þá var ákveðið að þarnæsti stjórnarfundur verði fimmtudaginn 15.apríl n.k. kl. 11:00 – 14:00.

## **7. Önnur mál.**

a. Netvæðing Guðfræðingatals, kostnaður, umsjón.

Sr. Magnús Björn Björnsson gerði grein fyrir því að hann hafi leitað ráða hjá sr. Kjartani Jónssyni héraðspresti varðandi það hvernig best væri að skanna Guðfræðingatalið inn í tölvu þannig að hægt sé að vinna með texta. Mun sr. Magnús fylgja málinu áfram eftir. Sr. Sigurður Jónsson, sem sat í ritnefnd Guðfræðingatals, er reiðubúinn að koma að ritstjórn þess á vefnum.

b. Fulltrúi PÍ í nefnd um endurskoðun starfsreglna um val á prestum.

Á fundinum var það staðfest að stjórn PÍ hefur valið sr. Magnús Erlingsson sem fulltrúa PÍ til þess að taka sæti í nefnd er Kirkjuráð samþykkti að setja á laggirnar til þess að fara yfir

starfsreglur varðandi m.a. val á prestum og hvernig skuli farið að þegar prestaköll eru sameinuð.

c. Starf og fjárhagur félagsdeilda PÍ.

Á fundinum var um það rætt hvort rétt væri að hafa inni í fjárhagsáætlun PÍ upphæð að kr. 300.000 sem hugsuð væri sem styrkur til félagsdeilda PÍ er ætlaður væri til þess að standa straum af kostnaði fyrir m.a. fundi og ráðstefnur félagsdeildanna.

d. Tónlist og fleira í útförum.

Á fundinum kom fram að formaður PÍ, ásamt sviðsstjóra helgihalds á biskupsstofu, hafa átt fund með fulltrúum organista, útfararstjóra og FÍH varðandi kostnað og fl. er tengist útförum. Var tilefni umrædds fundar það að þeim tilvikum hefur fjölgað þar sem aðstandendur hafa neitað að greiða reikninga vegna útfara eða hreinlega ekki getað borgað. Formaður PÍ leggur á það áherslu að aðstandendum sé ætíð gerð grein fyrir því fyrirfram hvaða kostnaður hljótist af óskum um fyrirkomulag söngs og annarrar tónlistar í útfararathöfnum og hvetur presta til að benda aðstandendum á að kynna sér hvað allir liðir kosta sem tengjast umbúnaði og athöfn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.